

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 29. ágúst 2024  
UST202407-344/A.B.  
10.00

## Efni: Umsögn -Böggvisstaðafjall fólkvangur - framkvæmdaleyfi fyrir strenglög - Dalvíkurbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggð er barst 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ósk um framkvæmdaleyfi fyrir strenglög innan fólkvangsins í Böggvisstaðafjall.

Í greinargerð kemur fram Skíðafélag Dalvíkur óskar eftir leyfi til að leggja nýjan rafmagns streng frá dælustöð skíðafélagsins að götukassa sem er við drifstöð neðri lyftu við Brekkusel. Þessi strengur er grundvöllur þess að tryggja næga orku fyrir athafnasvæði skíðafélagsins þegar nýtt hús verður reist á svæðinu 2024-2026. Lagður verður 240q strengur samhliða þeim eldri sem er 90q og liggur í skurði sem grafin var á þeim tíma sem snjóframleiðslan var lögð upp í fjall árið 2006. Raski verður haldið í öllu lágmarki og frágangur verður gerður eins vel og hægt er. Þá verður skurðurinn sem grafin verður nýttur jafnframt, ef til annarrar notkunar kæmi t.d. á sverun á neysluvatnslög eða frárennsli. Landið er þegar með sár eftir fyrri skurð og verður farið eftir sárinu alla leið, þannig að um verulega lítið umfram rask er að ræða.

Þar sem raski verður haldið í lágmarki og frágangur verður gerður eins vel og hægt er gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina. Mikilvægt er að það myndist ekki sár í jarðvegin sem ná ekki að jafna sig.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**